

## 105. Stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands.

105. stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 14.nóvember 2019 kl. 17.30

Mættir: Gry, Auðunn og Guðbrandur.

Alex og Aron skiluðu álitni sínu símleiðis og Þórunn í tölvupósti. Inga María boðaði forföll.

Þetta gerðist:

### **1 - Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir, **skoðast samþykkt.**

### **2 - Tillögur bókara að úrbótum í bókhaldi lagðar fram.**

a) Allir innsendir reikningar skulu fara í fylgisskjalamöppu og henni komið til bókara. Í þessa möppu skal líka setja samþykktu ferðastyrki (fargjöld, hótélkostnað o.þ.h.). Styrkina skal skrá á þar til gerð eyðublöð þar sem fram kemur nafn og kt styrkþega, kvittanir fyrir fargjöldum, hótélkostnaði og öðrum ferðakostnaði.

Þetta þarf síðan að vera samþykkt af stjórnarformanni/staðgengil og að því loknu sent gjaldkera til greiðslu.

b) Launavinnsla verður í höndum Magnúsar Magnússonar frá og með nóvember 2019 og þannig aðskilin frá störfum gjaldkera

Tillögurnar samþykktar samhljóða – Þórunn gerir fyrirvara um að þóknun bókarans verði okkur ekki ofviða.

Þessi vinnubrögð verða tekin upp strax.

### **3 – Landsliðsval 2020**

Tillaga landsliðsnefndar samþykkt óbreytt.

Stjórnin samþykkir tillaga landsliðsnefndar um að stækka keppendahópin á WEC 2020 á heimavelli og gera ekki ófrávíkjanlegar kröfur um C-lágmörk heldur gefa fleirum tækifæri.

Landsliðsnefnd falið að gera tillögu um útfærslu sem fyrst.

### **4 – Bréf til stjórnar KFA.**

Samþykkt að senda bréf til stjórnar KFA og minna á gildandi reglur um hlutgengi keppenda og starfsmanna á kraftlyftingamótum.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl. 18.00

Fundarritari: Gry Ek